

Fundargerð aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) haldinn þann 25. febrúar 2026 kl. 14:00 í Ásgarði, sal FEB í Stangarhyl 4, Reykjavík

Dagskrá aðalfundar samkvæmt lögum félagsins:

- A) Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- B) Lögð fram skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu ári.
- C) Lagðir fram endurskoðaðir og áritaðir ársreikningar félagsins ásamt fjárhagsáætlun rekstrarársins.
- D) Umræður um skýrslu stjórnar, ársreikninga og fjárhagsáætlun.
- E) Lagabreytingar.
- F) Kosningar:
 - 1. Kosning formanns
 - 2. Kosning þriggja manna í stjórn og þriggja manna í varastjórn félagsins
 - 3. Kosning skoðunarmanna ársreikninga.
- G) Afgreiðsla tillagna og erinda sem lögð eru fyrir fundinn. Slíkar tillögur og erindi ber að senda stjórn félagsins skriflega minnst 1 viku fyrir aðalfund.
- H) Tekin ákvörðun um árgjald félagsmanna
- I) Önnur mál:
 - 1. Kynning formanns og framkvæmdastjóra Landssambands eldri borgara á LEB á starfsemi LEB
 - 2. Önnur mál

-
- 1. Sigurður Ágúst Sigurðsson formaður FEB setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann minntist þess í upphafsorðum sínum að í mars n.k. verði FEB 40 ára. Formaður stakk upp á Finnbirni A. Hermannssyni sem fundarstjóra. Samþykkt með lófataki. Formaður stakk upp á Gunnlaugi Auðunni Júlíussyni sem fundarritara. Samþykkt með lófataki. Embættismenn fundarins tóku síðan til starfa.
 - 2. Fundarstjóri Finnbjörn A. Hermannsson tók við stjórn fundarins
 - 3. Fundarstjóri lýsti því hvernig til fundarins var boðað.
 - Skv. 6.2. í lögum FEB, skal aðalfundinn halda ár hvert í febrúar eða mars.
 - Þann 26. janúar á heimasíðu FEB og með fjöldanetpósti til félagsmanna, var aðalfundur boðaður þann 25. febrúar, eða rúmum fjórum vikum fyrir fundinn.
 - Aðalfundur þann 25. febrúar var auglýstur í Morgunblaðinu að morgni 18. febrúar eða viku fyrir boðaðan dag.
 - 4. Fundarstjóri lýsti því yfir að fundurinn hafi verið rétt boðaður samkvæmt lögum félagsins og þar með sé hann löglegur.
 - 5. Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Hann minnti fundarmenn á að byrja ekki að kjósa fyrr en að fundarstjóri segir kosningar hafnar.
 - 6. Formaður Sigurður Ágúst Sigurðsson, flutti skýrslu stjórnar FEB um starfsemi félagsins á árinu 2025. Hann ræddi nokkuð rekstur félagsins, starf stjórnar og nefnda, útgáfu Félagstíðinda og stöðu blaðsins ásamt þeim tímamótum í starfsemi félagsins sem helgast af 40 ára afmæli þess í mars n.k. Hann fór síðan yfir þá umræðu um ofbeldi gagnvart eldra fólki sem bæði FEB

og LEB hafa unnið mikið af á árinu. Hann kynnti einnig það starf sem FEB hefur unnið að frá síðasta aðalfundi s.s. með að gefa umsagnir um lagafrumvörp og berjast fyrir öðrum hagsmunamálum eldri borgara. Að lokum gaf hann fundarmönnum innsýn í hið þróttmikla félagsstarf sem fer fram á vegum félagsins. Fundarmenn þökkðu starfsmönnum félagsins sérstaklega fyrir vel unnin störf með lófataki.

7. Dýrleif Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri FEB, lagði fram endurskoðaða ársreikninga FEB og skýrði þá. Í framhaldi af því lagði Dýrleif fram fjárhagsáætlun FEB fyrir næsta starfsár.

Heildartekjur félagsins voru á árinu 2025 rúmar 173 milljónir króna og hagnaður af rekstri voru 18,6 milljónir. Tekjur af félagsgjöldum hækkuðu um tæpar sex milljónir milli ára vegna hækkunar á félagsgjöldum og fjölgunar félagsmanna.

Heildarskuldir félagsins skv. efnahagsreikningi eru rúmar 6,3 milljónir króna. Öll langtímalán félagsins voru greidd upp á sl. ári.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 gengur út frá áþekkri starfsemi og á sl. ári. Heildartekjur eru áætlaðar tæpar 179 milljónir króna og hagnaður af rekstri rúmar 4 milljónir.

8. Fundarstjóri opnaði fyrir umræður um skýrslu stjórnar, ársreikning og fjárhagsáætlun fyrir árið 2026. Enginn kvaddi sér hljóðs og var mælendaskrá því lokað.
9. Fundarstjóri bar reikninga félagsins og fjárhagsáætlun upp undir afgreiðslu fundarins. Reikningar FEB fyrir árið 2025 voru samþykktir með öllum greiddum atkvæðum með handauppréttingu. Fjárhagsáætlun fyrir árið 2026 var einnig samþykkt með öllum greiddum atkvæðum, sömuleiðis með handauppréttingu.
10. Lagabreytingar. Engar tillögur og/eða erindi skv. lið E) bárust fyrir fundinn.
11. Fundarstjóri kynnti þær reglur sem gilda um kosningu formanns. Sigurður Ágúst Sigurðsson var einn í framboði til formanns. Fundarstjóri lýsti Sigurð Ágúst því réttkjörinn formann félagsins fyrir komandi starfsár.
12. Formaður ávarpaði fundinn og þakkaði það traust sem honum var sýnt með endurkjöri hans sem formann félagsins.
13. Kosning til aðal- og varamanna í stjórn. Fundarstjóri kynnti reglur um kosningu þriggja einstaklinga í aðalstjórn og þriggja einstaklinga í varastjórn:
14. Í aðalstjórn sitja áfram í stjórn FEB fram til aðalfundar á árinu 2027 auk formanns Sigurðar Á. Sigurðssonar, þau Ástrún Björk Ágústsdóttir, Guðrún Bergmann og Gunnlaugur Auðunn Júlíusson. Því þarf að kjósa um 3 aðalmenn og 3 varamenn..
 - Þau Guðrún Ósk Jakobsdóttir og Kristján Guðmundsson núverandi aðalmenn í stjórn FEB og þær Sigrún E. Unnsteinsdóttir og Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir núverandi varamenn í stjórn FEB bjóða sig fram til endurkjörs í stjórn. Alls buðu sig fram sjö einstaklingar í þau sex sæti sem laus voru.
15. Formaður kynnti tillögu uppstillingarnefndar fyrir aðalfundinn. Á aðalfundi FEB þann 25. febrúar fari fram kosning til stjórnar milli þeirra sem gefið hafa kost á sér til setu í stjórn.
16. Frambjóðendur voru kynntir í þeirri röð sem fram kemur á kjörseðli. Það eru 7 frambjóðendur til stjórnar. Nöfn frambjóðenda eru í stafrófsröð, fyrsta nafnið var valið með útdrætti skv. grein 11.6 í lögum félagsins. Frambjóðendur voru beðnir að standa upp þegar nafn þeirra var nefnt og með því kynntir.
 - Sigrún E Unnsteinsdóttir (er í varastjórn og óskar eftir endurkjöri)
 - Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir (er í varastjórn og óskar eftir endurkjöri)
 - Guðrún Ósk Jakobsdóttir (er aðalmaður í stjórn og óskar eftir endurkjöri)

- Hörður Hilmarsson
- Jóhann Gunnar Ásgrímsson
- Jónas Ragnar Halldórsson
- Kristján Guðmundsson (er aðalmaður í stjórn og óskar eftir endurkjöri)

Merkja/krossa skal við 6 nöfn á seðlinum, hvorki fleiri né færri – annað veldur ógildingu

Fundarstjóri kynnti hvernig raðast í stjórn og varastjórn eftir talningu atkvæða. Þeir fyrstu þrír sem hljóta flest atkvæði verða aðalmenn til tveggja ára og næstu þrír þar á eftir verða varamenn til eins árs. Hlutkesti ræður verði atkvæði jöfn.

17. Fundarstjóri opnaði fyrir kosningu og gengið var um með kjörkassa þar sem atkvæðaseðlum var safnað saman að kosningu lokinni.
18. Fundarstjóri kynnti kosningu á skoðunarmönnum ársreikninga. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara.

Eftirfarandi aðilar hafa boðið sig fram sem skoðunarmenn:

- Guðrún Árnadóttir
- Ólafur Gränz

Og til vara hefur boðið sig fram:

- Sigurbjörg Gísladóttir

Þar sem ekki bárust önnur framboð sem skoðunarmenn og til vara, þá skoðuðust þau sjálfkjörin.

19. Engar nýjar tillögur og/eða erindi skv. lið G) bárust fyrir fundinn.
20. Á síðasta aðalfundi barst fundinum eftirfarandi erindi:

Aðalfundur FEB 2025

Tillaga að ályktun um upptöku refrænna kosninga til stjórnar

Aðalfundur FEB samþykkir að fela stjórn félagsins að undirbúa að tekin verði upp refræn kosning til stjórnar félagsins í stað kosningar á aðalfundi eins og nú er viðhöfð skv. gildandi félagslögum. Niðurstöður undirbúningsvinnunnar verði lagðar fyrir næsta aðalfund FEB í formi greinargerðar um m.a. tæknileg atriði og kostnað, ásamt tillögum um breytingar á félagslögum sem gera þyrfti vegna breyttrar aðferðar við kosninguna.

Flutningsmenn:

Sigurbjörg Gísladóttir

Finnur Birgisson

Erindið var borið undir atkvæði með handauppréttingu og var enginn á móti.

Guðrún Ósk Jakobsdóttir, varaformaður FEB kynnti afgreiðslu stjórnar varðandi fyrrgreinda ályktun sem fylgir hér á eftir.

Svar við erindi til stjórnar borið upp og samþykkt á aðalfundi FEB þann 27. febrúar 2025 um upptöku rafrænna kosninga.

Stjórn félagsins hefur tekið til umfjöllunar möguleikanum að taka upp rafræna kosningu til stjórnar.

Á undanförunum árum hefur umræða um rafrænar kosningar aukist, enda felast í þeim ýmsir kostir. Þær geta einfaldað framkvæmd kosninga, lækkað kostnað og aukið aðgengi fyrir marga kjósendur. Þróun í átt að stafrænum lausnum er eðlilegur hluti af nútímasamfélagi og mikilvægt er að fylgja tækniframförum.

Engu að síður og að vel athuguðu máli er það niðurstaða stjórnar FEB að í ljósi þess að almenn þekking og kunnátta á rafrænum kosningum er ekki orðin til í samfélaginu þá sé ekki tímabært að taka þær upp hjá félaginu.

Reykjavík 25. febrúar 2026

Stjórn FEB

21. Stjórn FEB lagði fram eftirfarandi ályktun sem varðar nauðsyn aðgerða vegna ofbeldis gagnvart eldra fólki.

Gunnlaugur Auðunn Júlíusson kynnti ályktunina og rakti í stuttu máli forsögu hennar.

Ályktun á aðalfundi FEB 25. febrúar 2026

Aðalfundur Félags eldri borgara í Reykjavík og nágrenni (FEB) skorar á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir því að umfang og eðli ofbeldis gagnvart öldruðu fólki á Íslandi verði rannsakað og greint. Í framhaldi af niðurstöðum slíkrar úttektar er nauðsynlegt að sett verði upp aðgerðaáætlun til að draga úr og helst uppræta ofbeldi gagnvart þessum þjóðfélagshóp.

Ofbeldi gagnvart öldruðu fólki er þjóðfélagslegt bøl sem ber að uppræta. Nauðsynlegt er að taka opinskáa umræðu um stöðu mála í þessum efnum. Ekki er lengur hægt að forðast umræðu um þessi mál og reyna á þann hátt að þagga hana niður.

Ýmis teikn eru á lofti um að tilfellum um ofbeldi gagnvart öldruðu fólki fari fjölgandi. Vakin hefur verið athygli á að mjög lítill hluti ofbeldis af þessum toga er tilkynntur til lögreglu eða annarra hlutaðeigandi yfirvalda. Skýringar liggja í því að oftast eru gerendur nánir ættingjar, heilbrigðisstarfsfólk, vinir eða trúnaðarvinir sé tekið mið af rannsóknum um þessi mál í öðrum norrænum ríkjum.

Umræða síðustu mánaða um þessi mál hefur leitt í ljós að ofbeldi gegn öldruðu fólki er algengara en flesta hafði almennt grunað.

Tökum höndum saman um aðgerðir til úrbóta í þessum efnum. Aldrað fólk á það skilið.

Ályktunin samþykkt samhljóða.

22. Ákvörðun um árgjald félagsmanna árið 2026.

Tillaga stjórnar FEB var að árgjald FEB yrði hækkað um kr. 200 og verði því kr. 6.000 fyrir árið 2026.

Samþykkt samhljóða.

23. Önnur mál:

1. Formaður Landssambands eldri borgara (LEB), Björn Snæbjörnsson, og framkvæmdastjóri landssambandsins, Oddný Árnadóttir, kynntu starfsemi landssambandsins og áherslur þess í fjölmörgum málum sem varða hagsmuni eldra fólks. Þau lýstu m.a. mikilli og jákvæðri viðhorfsbreytingu fjölmiðla og ráðamanna í garð félagsins á síðustu árum. Kynning þeirra er hluti af fundaðerð LEB um landið með aðildarfélögum sambandsins sem eru samtals 59.

24. Niðurstaða kosninga til stjórnar og varastjórnar.

Óskar Magnússon formaður kjörnefndar kynnti niðurstöður kosninga til stjórnar FEB.

Niðurstaða kosninga til stjórnar og varastjórnar var sem hér segir:

Aðalmenn:


- | | |
|------------------------------------|---|
| 1. Fanney Sigurbjörg Jóhannsdóttir | 58 atkvæði |
| 2. Guðrún Ósk Jakobsdóttir | 58 atkvæði |
| 3. Sigrún E. Unnsteinsdóttir | 57 atkvæði (kosinn aðalmaður með hlutkesti) |

Varamenn:

- | | |
|-----------------------------|------------|
| 1. Kristján Guðmundsson | 57 atkvæði |
| 2. Hörður Hilmarsson | 56 atkvæði |
| 3. Jóhann Gunnar Ásgrímsson | 40 atkvæði |

25. Nýkjörinn formaður FEB, Sigurður Ágúst Sigurðsson tók til máls. Hann þakkaði fundarstjóra góða stjórn fundarins. Hann óskaði nýkjörnum stjórnarmönnum og varastjórnarmönnum til hamingju með kosninguna og bauð þá velkomna til starfa. Hann þakkaði svo fundarmönnum góða fundarsókn og góða fundarsetu.

Að svo búnu sleit hann fundi kl. 15:45.


Sigurður Ágúst Sigurðsson, formaður FEB


Gunnlaugur Auðunn Júlíusson, fundarritari